

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 160 29. nóvember 1956, um takmörkun leigubifreiða á Akureyri og ráðstöfun atvinnuleyfa, sbr. reglugerð nr. 114 24. maí 1965.

1. gr.

Í stað „250“ í 1. málsgrein 1. gr. reglugerðarinnar, eins og henni er breytt með reglugerð nr. 114 24. maí 1965 komi: 300.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt felur úr gildi 1. gr. reglugerðar nr. 114 24. maí 1965.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 1 31. janúar 1966, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 23. júní 1968.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um þorsk- ýsu- og ufsaveiðar með nót o. fl.

1. gr.

Gerð þorsk-, ýsu- og ufsanóta, sem notaðar eru til veiða innan endimarka landgrunns Íslands, skal vera þannig, að poki nótar, sem er 220 faðmar eða lengri, skal ekki vera lengri en 30 faðmar á teini. Poki styttri nóta skal vera minni hlutfallslega.

2. gr.

Möskvastærð þorsk-, ýsu- og ufsanóta skal minnst vera 110 mm, þegar möskvinn er mældur í votu neti, teygður horna á milli, eftir lengd netsins. Komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott. Poki nótarinnar er ekki háður möskvastærðartakmörkuninni.

3. gr.

Á vetrarvertíð er óheimilt að kasta nót til veiða á þorski, ýsu eða ufsa á tíma-bilinu frá því 1 klst. eftir sólarlag þar til 1 klst. fyrir sólarupprás.

4. gr.

Þorskanet skulu lögð í eina stefnu á sama veiðisvæði, eftir því sem við verður komið.

5. gr.

Þegar gert er að fiski um borð í veiðiskipi, sem stundar veiðar með nót eða þorskanetum, er bannað að kasta slógi útbyrðis á veiðisvæðinu.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um gerð þorsk- og ýsunóta nr. 43 27. marz 1965.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 4. júlí 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING**um lækkun hámarkshraða.**

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. og 16. gr. laga nr. 65 13. maí 1966 um hægri handar umferð, eru settar eftirfarandi reglur um lækkun hámarkshraða.

1. gr.

Utan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 60 km á klukkustund, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Á Reykjanesbraut, frá vegamótum við Krísvíkurveg að vegamótum við Hafnaveg (flugvallarveg), verður hámarkshraði ökutækja, annarra en bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, 70 km á klukkustund.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi 12. júlí 1968.

Frá sama tíma fellur úr gildi 9. gr. reglugerðar nr. 4 6. janúar 1968 um umferðarbann, lækkun hámarkshraða o. fl. í sambandi við gildistöku hægri umferðar, svo og auglýsing frá 2. júlí 1968 um hámarkshraða á Reykjanesbraut.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. júlí 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur W. Stefánsson.